



Fyrsti fundur Epsilondeildar haldinn í Skrúfunni á Eyrarbakka
14. september 2023 kl. 17:30.

1. **Fundur settur.** Guðríður, formaður, setti fund, bauð systur og gesti velkomna og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. **Nafnakall.** Góð mæting var og gestir voru fimm.
3. **Minning.** Guðríður minntist látinnar systur, Pálínu Agnesar Snorradóttur sem lést 15. júní 2023. Þálína fæddist á Akureyri 24. janúar 1937. Hún lauk stúdentsprófi frá MR 1957. Þaðan lá leiðin í Kennaraskólann sem hún lauk ári síðar. Ævistarf Pálínu var kennsla og sérhæfði hún sig í sérkennslu sem hún lærði bæði hnér heima og í Noregi. Lengst starfaði hún við Grunnskólann í Hveragerði, bæði við kennslu og stjórnun. Pálína var eina f stofnendum Epsilondeildarinnar árið 1989.
4. **Fundargerð síðasta fundar.** Ritari las upp fundargerð frá sl. vori. Var hún samþykkt.
5. **Markmið samtakanna.** Guðríður las upp markmiðin svona til þess að minna systur á um hvað málið snýst.
6. **Fréttir af starfi.** Málþingið okkar er að fullu skipulagt. Það er aðallega í höndum Ernu, Margrétar Guðmunds og Ingibjargar Þorleifs. Það verður haldið 26. október nk. kl. 17 í sl í FSU. Erna kynnti fyrirlesarana en það eru: Bjarkey Sigurðardóttir, Brynja Baldursdóttir og Svava Hjaltalín. Málþingið ber titilinn Lykill til læsis. Inntökufundur nýrra félaga verður 3. október í Tryggvaskála á Selfossi. Forseti DKG á Íslandi, Árný Elíasdóttir, kemur á fundinn og aðstoðar við athöfnina. Guðríður sótti framkvæmdaráðsfund 2. sept. sl. Nýr formaður mun senda öllum konum í DKG á Íslandi könnun þar sem spurt verður, hvað má betur fara. Áhersla verður á að samtökin verði sýnilegri og að samtökin láti muna um sig. Málþingið okkar kemur þarna sterkt inn.
7. **Orð til umhusunar.** Guðrún Sigríks sá um þennan lið. Lagði hún út af hugsuninni að allir litlu hlutirnir í daglegu lífi væri svo sjálfsagðir að við tækjum ekki lengur eftir þeim. Við búum í hlýjum húsum, höfum mat og föt, getum menntað börnin okkar og gert nánast það sem okkur dettur í hug. En það er svo ótrúlega stutt síðan lífið var allt öðruvísi. Guðrún sagði frá, í stuttu máli, hvernig ömmur hennar höfðu það en þær fæddust í kringum aldamótin 1900.
8. **Happdrættið góða.** Nú er svo komið að miðarnir dugðu ekki til handa öllum systurum þannig að bætt verður úr því fyrir næsta fund. Vinninginn hlaut að þessu sinni Ingibjörg Þorleifs.
Ekki fleira gjört og fundi slitið kl 18:20. Ritari: Guðrún Sigríks

Eftir fund var snæddur matur frá Sóma og var það þeim til sóma. Berglind Björgvinsdóttir, sem rekur Skrúfuna, sagði frá starfseminni þar en þetta er miðstöð grósku og sköpunargleði.